

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 30/94
frá 15. desember 1994**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21 mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/20/EB frá 30. maí 1994 um vélrænan tengibúnað vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og festingu hans við ökutækin⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi nýr liður komi aftan við lið 45q (tilskipun ráðsins 93/94/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„45r. 394 L 0020: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/20/EB frá 30. maí 1994 um vélrænan tengibúnað vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og festingu hans við ökutækin (Stjttíð. EB nr. L 195, 29. 7. 1994, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 17, 28.6.1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 195, 29. 7. 1994, bls. 1.

Í I. viðauka bætist eftirfarandi við lið 3.3.4:

„12 fyrir Austurríki
17 fyrir Finnland
IS fyrir Ísland
16 fyrir Noreg
5 fyrir Svíþjóð“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/20/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

H. Hafstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Sucker